

Hið íslenska bókmenntafélag lýsir yfir ánægju með þessi drög að bókmenntastefnu. Sérstök ástæða er til að fagna lið 6 en enn fremur liðum 9, 12 og 14.

Þá vill Bókmenntafélagið lýsa sérstökum stuðningi við lið 13 enda hefur það undanfarið bent á mikilvægi þess að óhagnaðardrífín útgáfa fræðibóka falli ekki niður. Þar er Hið íslenska bókmenntafélag afar mikilvægt en það hefur verið starfandi síðan árið 1816 og getur öðrum félögum fremur gert kröfu um að vera kallað félag Jóns Sigurðssonar sjálfs.

Eins og félagið hefur nýlega bent á (ásamt Sögufélagi og Hinu íslenska fornritafélagi) hafa þessi félög enn ekki notið sama stuðnings að raungildi og þau hlutu frá hinu opinbera fyrir hrun árið 2008. Vegna síversnandi stöðu íslenskunnar og erfiðleika í bókaútgáfu ætti stuðningurinn þó að vera ívið meiri en þá.

Hið íslenska bókmenntafélag er nú 208 ára gamalt og hefur alla þá tíð sinnt útgáfuverkefnum. Hið sama á við um Sögufélag og Hið íslenska fornritafélag þótt þau séu öllu yngri. Þessi félög eru því afar mikilvæg þegar kemur að samfelldum hefðum í íslenskri menningu. Þessi félög eru nú einkum rekin í sjálfbodavinnu en í þeim býr mikilvægt stofnanaminni og fagmennska. Í hefðinni felst mikill styrkur, ekki síst tengslunum við Jón Sigurðsson þjóðhetju Íslendinga, manns sem taldi að bókaútgáfa skipti öllu máli fyrir sjálfstæði landsins. Hann varð forseti Hins íslenska bókmenntafélags sama ár og Þjóðfundurinn var haldinn.

Tímaritið Skírnir er elsta tímarit á Norðurlöndum (stofnað árið 1827) og telst því vera mikilvæg menningarstofnun sem hefur fært áskrifendum sínum mikilvægan menningarauka í hartnær 200 ár. Eins og bent hefur verið á er tímaritaútgáfa erfið í nútímanum og mikilvægt er að bregðast við því. Skírnir og einnig Saga og Andvari hafa mikilvægt sögulegt og menningarlegt gildi og eðlilegt er að þau njóti sérstaks styrks frá hinu opinbera.

Stuðningur við þessi sjálfstæðu fornu félög sem sinna útgáfu fræðibóka sem ólíklegar eru til metsölu er jafnframt mikilvægur stuðningur við íslenska tungu.

Undanfarna hálföld hefur Bókmenntafélagið þannig gefið út ritröðina Lærdómsrit þar sem helstu hugsuðir heimsins eru færðir á íslenska tungu og hefur það ómælt gildi fyrir íslenskan orðaforða. Framtíð íslenskrar tungu snýst ekki aðeins um að tungumálið lifi af heldur að það verði auðugur vettvangur fyrir umræðu um allt milli himins og jarðar. Þar skiptir útgáfa á öllum fræðisviðum, t.d. heimspeki, sagnfræði, bókmenntum, félagsvísindum o.s.frv., miklu máli og eins að hún sé unnin á vandadan og faglegan hátt af fólki með mikla reynslu.

Að sjálfsgögðu hafa þessi fræðafélög notið góðs af almennum stuðningi við bókaútgáfu hin seinustu ár en hann er þó ekki miðaður við þau sérstaklega og tekur ekki til alls konar sértæks kostnaðar við fræðirit.

Opinber stuðningur við fræðiritaútgáfu hefur verið heilmikill og fyrir hann ber að þakka. Hann dugar þó ekki til að halda uppi grunninnviðum á borð við þau sem fræðafélögin hafa komið sér upp og eru lykill að framhaldslífi þeirra, jafnvel þótt sjálfbodaliðar eigi ríkan þátt í starfi félaganna. Flestir eru sammála um að útgáfuverkefni félaganna seinustu ár hafi verið metnaðarfull og af þeim sé mikill sómi.

Enginn vafi er þó á því að samþykkt þessarar bókmenntastefnu (einkum liðar 13) getur orðið lyftistöng fyrir fræðafélögin hefðbundnu á Íslandi og tryggt þeim framhaldslíf á öld þar sem íslensk menning og tunga eiga undir högg að sækja.

f.h. Hins íslenska bókmenntafélags

Ármann Jakobsson, forseti